

Fundargerð stjórnar SOS nr. 312

Nýja stjórn SOS skipa:

Anton Kári Halldórsson (Rangárþingi Eystra), Ása Valdís Árnadóttir (Grímsnes- og Grafningshreppi), Bragi Bjarnason (Sveitarfélaginu Árborg), Fjóla St. Kristinsdóttir (Sveitarfélaginu Árborg), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (Hveragerðisbær).

Varamenn: Eggert Valur Guðmundsson (Rangárþingi ytra), Haraldur Þór Jónsson (Skeiða- og Gnúpverjahreppur), Sveinn Ægir Birgisson (Sveitarfélagið Árborg), Helga Lind Pálsdóttir (Sveitarfélaginu Árborg), Ingibjörg Kjartansdóttir (Sveitarfélaginu Ölfusi).

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 6. september 2022 kl. 15:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Haraldur Þór Jónsson (HPJ), varamaður, og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mættu á fundinn Jón G. Valgeirsson (JGV), fráfarandi formaður, Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS og Stefán Gíslason (SG) frá Environice.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Á aukaaðalfundi SOS þann 16. júní 2022 var Anton Kári Halldórsson kjörinn formaður og Bragi Bjarnason kjörinn varaformaður. Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir var tilnefnd ritari.

2. Samráðsvettvangur sorpsamlaga á SV landi – Fulltrúar SOS

Formaður og varaformaður tilnefndir fulltrúar SOS á samráðsvettvang sorpsamlaga á Suðvesturhorninu.

3. Helstu verkefni fráfarandi stjórnar – Jón G. Valgeirsson

JVG fer yfir sögu SOS og verkefni undanfarinna ára hjá stjórn SOS. Farið var breytingar undanfarinna ára í móttöku úrgangs til urðunar og þær framfarir í flokkun sorps sem þær hafa haft í för með sér og tækifæri til framtíðar vegna nýtingar Kirkjuferjuháleigu. Jafnframt var farið yfir um nauðsyn þess að fylgjast með þróun vegna innleiðingar nýrrar lagasetningar á sviðinu, hlutverk SOS í samræmingu og upplýsingamiðlun á starfssvæði þess og Sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033, en hún hefur enn ekki verið samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum. Jafnframt var rætt um nauðsyn þess að taka ákvörðun um þann farveg sem verður markaður fyrir brennanlegan úrgang ásamt yfirferð á smærri verkefnum, m.a. Orkugerðinni í Flóahreppi þar sem SOS á eignarhlut,

mikilvægi þess að fylgjast með úrgangsstreymi sveitarfélaga á svæðinu og tækifæri til úrbóta varðandi gagnsæi.

4. Staða úrgangsmála innan starfssvæðis SOS – Stefán Gíslason

SG gerir grein fyrir stöðu mála.

a. Forsaga

Farið yfir forsöguna varðandi breytingar á móttöku úrgangs til urðunar og aðkomu Environice sem hefur komið að ýmsum verkefnum á vegum SOS.

b. Staðan hjá þjónustuaðilunum

Farið yfir stöðuna hjá helstu þjónustuaðilum á svæðinu, annars vegar Íslenska Gámafélagsins (ÍGF) sem þjónustar stóran hluta svæðisins og hins vegar Terra sem þjónustar Hrunamannahrepp.

c. Staðan á Strönd

Farið yfir stöðuna á Strönd þar sem í skoðun eru möguleikar til þess að koma upp aðstöðu til að brenna dýrahæjum. Farið yfir mismunandi kosti í útfærslu, kostnað við þá og helstu álitamál.

d. Áskoranir og vangaveltur

Farið yfir áskoranir og vangaveltur varðandi aðlögun sögnunarkerfa og gjaldtöku að nýjum kröfum o.fl.

5. Önnur mál

Önnur mál ekki rædd.

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði haldinn klukkan 15:00 þann 22. september næstkomandi.

Fundi slitið klukkan 16:45